

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 21. ágúst 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-47/2008:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 15. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hennar á leðursófasetti hjá versluninni Y. Álitsbeiðandi segir sófasettið vera gallað. Skilja verður kröfur hennar svo að hún vilji rifta kaupnum á sófasettinu og fá kaupverðið endurgreitt.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 15. júlí sl., og frest til að skila þeim til 28. júlí. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 31. júlí sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt reikningi er fylgdi álitsbeiðninni keypti álitsbeiðandi sófasettið, sem ber tegundarheitið Z 3+1+1, hinn 16. júlí 2007 fyrir kr. 200.000. Hún kveðst hafa kvartað undan göllum á sófasettinu við seljanda, sem segi að verslunin sé hætt rekstri, og hafi hann brugðist hinn verst við kvörtuninni. Y hafi haft kennitöluna ..... en sú kennitala sé undir nöfnunum A og B. Álitsbeiðandi kvartar undan slæmri endingu og eyðingu á leðrinu, sérstaklega á örmum á sófasettinu.

Álitsbeiðandi hefur lagt fram umsögn D hjá bólstruninni E, dags. 1. júlí 2008, sem Neytendasamtökin báðu um fyrir hennar hönd. Í umsögninni segir m.a. eftirfarandi:

„Leðrið í þessum sessum er að öllum líkindum af tegundinni „C“ sem er litað eftir á. Það er gert ef húðin á að vera ólituð eða í öðrum litum Þá er hægt að hafa leður á lager, og panta liti eftir þörfum, og þá í færri einingum. Það kallast litakornafylling. Síðan er oft þrykkt á þetta lagamynstur sem líkist eðlilegu húðlagi. Þessi tegund „C“ er vanalega af lélegum gæðum. Eftir þetta er borið fágunarlag, það er litað og ólitað lakk. Er þetta þá oftast síðasta lagið sem borið er á leðrið, og gefur því endanlegt útlit, gljáa og síðast en ekki síst endingu. Fjölbreytni er mikil og gæðin einnig misjöfn. Ég fæ ekki betur séð en að fágunarlag vanti, eða það hefur mistekist. Það hefur enga núningsviðlöðun, endingin ekki góð. Það er mín skoðun að leðrið sé gallað. Verslunin ætti að hafa samband við sinn birgja og láta vita af þessu vandamáli.“

### **IV**

#### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og húsgagnaverslunar Y, falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Eins og fyrr greinir keypti álitsbeiðandi sófasettið 16. júlí 2007. Sófasettið var því rétt um árgamalt þegar kærunefndinni barst beiðni um álit vegna galla á því. Seljandi hefur ekki nýtt sér rétt til að andmæla kröfum álitsbeiðanda. Það er álit fagmanns, sbr. vottorð D frá 1. júlí 2008, að leðrið á sófasettinu sé gallað og álitur kærunefndin að á því vottorði megi óhikað byggja. Það er því niðurstaða nefndarinnar að sófasettið sé gallað í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. sömu laga. Kærunefndin telur að gallar eins og lýst er í vottorðinu verði að teljast verulegir þegar um svo nýlegt sófasett er að ræða, þótt vera kunni að ekki sé um vandað sófasett að ræða. Þar af leiði að álitsbeiðandi eigi rétt á því úrræði vegna gallans að rifta kaupunum, sbr. d-lið 1. mgr. 15. gr. og 32. gr. laga nr. 48/2008, eins og krafa hennar nær til. Samkvæmt því ber húsgagnaverslunin Y að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð sófans gegn skilum á honum.

Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 á kaupandi að færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af söluhlutum og greiða endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum. Í 2. mgr. sömu greinar segir að eigi seljandi að endurgreiða kaupverðið beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er kaupandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann. Eins og hér stendur á álitur kærunefndin að fjárhæðir samkvæmt þessum lagagreinum eigi að mæta hvorri annarri þannig að endurgreiðsla seljanda nemi kaupverði sófasettsins, kr. 200.000.

## V

### Álitsorð

Seljandi, húsgagnaverslun Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 200.000 gegn skilum á sófasetti því sem hún keypti í versluninni 16. júlí 2007.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

